Umsögn gatnadeildar vegna uppsetningu á LED auglýsingaskilti á lóð Digranesvegar 81 og verður staðsett í 38 m fjarlægð frá miðlínu akreina á hringtorgi þar sem Dalvegur, Digranesvegur og Skógarlind mætast. Í 32. gr. vegalaga nr. 80/2007 stendur m.a. að óheimilt sé að að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m. Um er að ræða upplýst auglýsingaskilti með hreyfimyndum, 18 m2 að flatarmáli. Umferðarhraði á þessu svæði er 50 km/klst. LED skilta auglýsingar draga athygli ökumanna frá akstrinum hefur truflandi áhrif og eykur slysahættu (sbr. skýrsla NMF 2017). Þar sem skiltinu við Digranesveg 81 er beint að hringtorgi með tveimur akreinum þar sem ökumenn þurfa sérstaklega að gæta varúðar og hafa augun og hugann við aksturinn, leggst gatnadeild gegn því að komið verði upp LED auglýsingaskilti sem beint verði að ökumönnum sem aka um gatnamótin sökum þeirra slysahættu sem af því gæti hlotist. Skv. 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 getur veghaldari synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi ef búnaðurinn er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni. Einnig er rétt að benda á að skv. kafla 2.5 í byggingarreglugerð eru auglýsingaskilti byggingarleyfisskyld og skulu vera í samræmi við gildandi skipulag.

Birkir Rútsson

Deildarstjóri Gatnadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026